

Nd.

338. Breytingartillögur

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Vaxtabrjef fyrsta flokks skulu vera skattfrjáls. Þau og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetningu og löghaldi og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda, eða löglegra handhafa, verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.
2. Við 28. gr. Í stað orðanna í fyrstu málsgrein: »skal að á landbúnaði« komi:
Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, samkvæmt tillögum Búnaðarþings, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis.
3. Aftan við frumvarpið bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þangað til Búnaðarþing kemur saman, skulu gæslustjórar settir samkvæmt tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands.